



**67. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöllinni  
24. maí 2027**

**Þingskjal nr: 5**

**Ályktun:**

**Flutningsaðili: KA**

**Ályktun**

67. ársþing HSÍ beinir því til stjórnar HSÍ að breyta reglugerð um Handknattleiksmót og fækka úr 16 leikmönnum í 14 leikmenn á leikskýrslu.

**Greinargerð**

Helstu rök fyrir því að fækka úr 16 í 14 á skýrslu:

- Lið nota nánast aldrei nema 14 leikmenn í leik. Leikmaður 15 og 16 eru þar af leiðandi algjörar varaskeifur, og taka einnig sæti úr U-liði þar sem mega bara 4 frá síðasta aðalliðsleik leika með U-liði, veikir U-liðin.
- Leikmenn í hóp fara oft á recovery æfingu daginn eftir leik og algjöra undirbúningsæfingu daginn fyrir leik. Fyrir leikmann 15 og 16, sem taka engann þátt í leiknum fara þá þrjú dagar í leikviku í leikinn, sem þeir tóku engan þátt í.
- Af 12 liðum í úrvalsdeild, ef allir myndu minnka hópana sína um 2 leikmenn verða 24 leikmenn „lausir“ sem geta styrkt veikari liðin, eða lið í Grill66 deildinni, eða orðið til þess að vettvangur skapast fyrir nýtt lið
- Ferðalög fyrir 16 leikmenn kosta meira en ferðalög fyrir 14 leikmenn.

Mótrök, sem hafa verið nefnd í umræðum á formannafundi eru aðallega tvö:

- 1) Þetta er svona í Evrópu. *Hárrétt. Enn við erum líka lítil eyja með fá lið í algjöru áhugamannaumhverfi. Það myndi stuðla að meiri hreyfingu á leikmannamarkaði og að leikmenn sem eru í hóp fái að spila mínútur en sitji ekki ónotaðir varamenn. Ef menn eru ósáttir við að vera utan hóps leita þeir mögulega í önnur lið þar sem þeir fá að spila. Leikmaður 15 og 16, jafnvel 17 og 18 í sterkustu liðum landsins gætu verið að spila 30+ mínútur í leik með liðum 5-16.*
- 2) Það er val hvers félags að velja þá bara 14 leikmenn í staðinn fyrir 16, en gott að hafa möguleikann á að hafa 16, sérstaklega ef á að spara ferðakostnað. *Þetta er einnig hárrétt. Hinsvegar að þá er erfitt að standa fyrir framan 17 ára gamlan leikmann og segja við hann: Við ætlum að velja bara 14 í dag, og þú ert utan þess. Skilaboðin til þess leikmanns eru þá: „Það er betra að hafa engann en þig“ til að spara kostnað.*

Með hag handboltaíþróttarinnar í huga er þetta rökrétt skref, styrkja deildina, gefa fleirum tækifæri og fjölga liðum. Það gerist ekki á einu ári, en það myndi ýta undir það. Eitt skref af mörgum í þá átt.

Einnig er þetta keppikefli fyrir landsbyggðarlið sem ferðast í alla útileiki. Gamli góði „sprinterinn“ er ekki lengur nógu stór til þess að fara í útileiki, með 16 leikmenn og 5 starfsmenn.